



Alþingi  
Erindi nr. P 130/1709  
komudagur 7.4.2004

Hagstofa Íslands

6. apríl 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Landbúnaðarnefnd, frumvarp til ábúðarlaga, 782. mál, bréf nefndarinnar 1. apríl 2004**

Hagstofa Íslands hefur kynnt sér efni þess frumvarps sem óskað er umsagnar um. Hagstofan álitur að efni frumvarpsins tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um meginefni þess sé því ekki á færi hennar. Við athugun hafa þó komið í ljós nokkur atriði sem huga mætti að við yfirferð nefndarinnar:

12. gr. Hér segir: “Skylt er ábúanda að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni og stunda þar landbúnaðarstarfsemi nema sveitarstjórn og jarðareigandi samþykki annað.” Þessi grein er ekki skýr. Um lögheimili manna gilda ákvæði 1. gr. lögheimilislaga og er meginreglan sú að lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Sveitarstjórn og jarðareigandi hafa ekkert um þetta að segja. Því virðist sýnt að samþykki sveitarstjórnar og jarðareiganda vísi til skyldu ábúanda til að stunda landbúnaðarstarfsemi. Þetta mætti skýra með breyttu orðalagi, t.d. “Skylt er ábúanda að hafa fasta búsetu á ábúðarjörð sinni. Honum skal skylt að stunda þar landbúnaðarstarfsemi nema sveitarstjórn og jarðareigandi samþykki annað.”

27. gr. Hér má benda á að á undanförunum árum hefur í löggjöf þar sem vikið er að réttarstöðu fólks í sambúð, í vaxandi mæli verið talað um skráða sambúð í stað óvígðrar og réttindi miðuð við eitt ár í stað tveggja áður.

32. gr., 1. mgr. 4. töluliður: Í stað orðsins “forráðamenn” er rétt að komi “forsjármenn” til þess að gætt sé samræmis við gildandi löggjöf á þessu sviði, t.d. barnalög.

32. gr., 1. mgr. 8. töluliður: Í stað þess að sagt sé að “enda hafi hann ekki tekið kjörbarn” er rétt að nota það orðalag sem nú er algengast í lögum “enda eigi hann ekki kjörbarn”.

F. h. r.